

Reykjavík, 17. febrúar 2014

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
150 Reykjavík

Varðar: Frumvarp til laga um greiðslur yfir landamæri í evrum (heildarlög), 238. mál.

SFF hafa fengið til umsagnar framangreint frumvarp sem mælir fyrir um innleiðingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 924/2009 um greiðslur yfir landamæri á EES svæðinu. Tilgangur regluverksins er að greiða fyrir viðskiptum yfir landamæri innan Bandalagsins. Í því skyni er mælt fyrir um að gjöld vegna greiðslna yfir landamæri í evrum séu þau sömu og fyrir samsvarandi greiðslur innan aðildarríkis. SFF vilja koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri vegna frumvarpsins:

1. SFF fagna því að frumvarpið hafi verið lagt fram og leggja ríka áherslu á að það verði lögfest svo að íslensk fjármálafyrirtæki geti starfað eftir sömu reglum og evrópsk hvað þetta varðar. Nokkur vinna er framundan í bankakerfinu við að aðlaga greiðslukerfi bankanna að þessum reglum en EES- ríkin, þ.m.t. Ísland, hafa hafa frest til ársins 2016 til að ljúka innleiðingunni.
2. SFF gera alvarlegar athugasemdir við tillögur frumvarpsins um viðurlög en þau eru engan veginn í réttu hlutfalli við möguleg brot gegn reglunum.

Í 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið geti lagt stjórnvaldssektir á einstaklinga þ.e. starfsmenn fjármálafyrirtækja, á bilinu 10 þús. kr. – 20 millj. kr. Þá er lagt er til að sektir á lögaðila geta numið frá 50 þús. kr. til 50 millj. kr. Gert er ráð fyrir að brot sé refsivert hvort sem það er framið af gáleysi eða ásetningi. Þannig virðast höfundar frumvarpsins leggja að jöfnu stór og smávægileg brot og ekki gera mun á saknæmisskilyrðum þ.e. hvort að brot er framið af gáleysi eða ásetningi. Sem dæmi má nefna að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að starfsmaður greiðsluþjónustuveitanda (banka) sem fyrir mistök gleymir að tilkynna notanda greiðsluþjónustu um alþjóðlegt bankareikningsnúmer notandans (IBAN) eða auðkenniskóða banka greiðsluþjónustuveitandans (BIC), verði beittur sektum vegna slíkra mistaka í starfi. Ekki verður séð að banki eða starfsmaður hans hafi neina hagsmuni af því að gefa þessar upplýsingar ekki upp og því séu mistök eða handvömm starfsmanns eina skýringin sem skýrt gæti slíka háttsemi. Engin ástæða er því fyrir ríkisvaldið að beita refsiviðurlögum í svona tilvikum heldur hlýtur það að vera annars vegar samband bankans við viðskiptavini og hins vegar samband starfsmannsins við vinnuveitanda sem býður hnekki í tilvikum sem þessum, með þeim afleiðingum sem þessum aðilum þykja réttar hverju sinni svo sem að viðskiptavinur leiti annað eftir viðskiptum eða starsmanni verði sagt upp störfum. SFF telja að það geti verið fullkomlega réttlætanlegt að sekta fjármálafyrirtæki sem brýtur gegn því ákvæði reglugerðarinnar að leggja hærri gjöld á greiðslur yfir landamæri en gert er

við innlendar millifærslur enda er þar um að ræða megintilgang frumvarpsins. Hér þarf þó að hafa í huga að Ísland hefur evruna ekki sem lögeyri. Þótt Ísland sé hluti af EES býr landið við gjaldeyrishöft og þar með takmarkanir á frjálsu flæði fjármagns á innri markaði EES-svæðisins. Ströng viðurlög í íslenskum lögum sem varða greiðslur yfir landamæri í evrum, að ekki sé talað um refsikennd viðurlög gagnvart einstaklingum sem starfa í fjármálafyrirtækjum eru engan vegin í samræmi við þennan veruleika.

Lögð er rík áhersla á að refsíákvæði frumvarpsins verði tekið til endurskoðunar áður en frumvarpið verður að lögum. Lagt er til að fallið verði frá heimildum til að sekta starfsmenn fjármálafyrirtækja og að eingöngu verði sektað fyrir brot sem framin eru af ásetningi.

Virðingarfyllst,



Jóna Björk Guðnadóttir hdl.